

8. júlí 2020
2020-06-58/11.4

Efni: Drög að tillögu að matsáætlun – Lyklafellslína 1

Undirbúningur vegna Lyklafellslínu 1 hefur staðið yfir lengi og fyrir liggur eldra mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sem lauk með álit Skipulagsstofnunar í september 2009. Eftir að því lauk féllu dómar um ógildingu eignarnáms og framkvæmdaleyfa vegna fyrirhugaðra framkvæmda Landsnets á Reykjanesi. Einnig hefur verið lögð fram stefnumörkun stjórnvalda um flutningskerfi raforku, auk þess sem frekari greiningar liggja fyrir á því hversu langa jarðstrengskafla er hægt að leggja í jörðu í meginflutningskerfinu.

Þar með liggja nú fyrir aðrar forsendur til að byggja á við undirbúning verkefna í meginflutningskerfinu, sem felast m.a. í auknu samráði og víðtækari valkostagreiningu, sem grundvallast m.a af framangreindri skýrari stefnumörkun stjórnvalda og tæknilegum greiningum. Því hefur Landsnet ákveðið að gera nýtt umhverfismat fyrir Lyklafellslínu 1.

Fyrsti áfangi í nýju umhverfismati felst í kynningu Landsnets á drögum að tillögu að matsáætlun. Í drögunum er greint frá hugmyndum sem fram hafa komið um valkosti framkvæmdarinnar og vinsun valkosta, þ.e. hvernig Landsnet hefur komist að niðurstöðu um hvaða valkosti fyrirtækið stefnir að því að leggja fram sem valkosti í vinnu umhverfismatsins.

Þá er greint frá með hvaða hætti verður lagt mat á umhverfisáhrif valkosta framkvæmdarinnar. Það felur í sér að segja frá hvaða þætti í umhverfinu á að meta, hvaða gögn og rannsóknir á að nota og hvernig matið á áhrifunum verður unnið og á hvaða viðmiðum það byggist.

Landsnet mun setja inn á heimasíðu sína landsnet.is, kynningu að drögum að tillögu að matsáætlun sem verður hægt að gera athugasemdir við til og með 15. ágúst 2020.

Á þessu stigi er mikilvægt að fá ábendingar frá öllum aðilum sem láta sig málið varða um hvaða þætti beri að taka fyrir í mati á umhverfisáhrifum verkefnisins. Þar getur verið um að ræða ábendingar um aðra valkosti en hér eru kynntir en einnig upplýsingar um þætti í nærumhverfinu og umhverfisþætti sem talið er að fjalla þurfi um. Mikilvægt er að ábendingar þessa efnis komi fram á þessu stigi, áður en ráðist er í rannsóknavinna og frekari undirbúning matsins. Á þessu stigi eiga allar ábendingar að berast með tölvupósti á eftirfarandi netfang:

landsnet@landsnet.is

Einnig má senda skriflegar ábendingar á póstfangið:

Landsnet hf.

B.t. Smári Jóhannsson

Gylfaflöt 9

112 Reykjavík

Hlín Benediktsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026